



Starfsáætlun 2026-2027

Tjarnarsel

Tjarnargötu 19

Reykjanesbær, 1. september 2026



TJARNARSEL

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Hlutverk	3
1.2 Þjónustustig	3
1.3 Markmið og framtíðarsýn	3
1.4 Verkefni í þróun og ferli	4
1.5 Gæðamarkmið	8
1.6 Endurmenntun	10
1.7 Yfirlit yfir helstu verkefni	11
Lokaorð	14
Heimildir	15
Tölulegar upplýsingar	16
Skóladagatal 2026-2027	18
Styrkleikalisti	19
Samþykki foreldraráðs	20

Inngangur

Starfsáætlun Tjarnarsels 2026 – 2027 rammar inn áherslur komandi skólaárs. Í fyrsta skipti í sögu skólans eru árgangarnir fimm en tvö börn sem fædd eru árið 2025 byrjuðu sína skólagöngu í ágúst. Það er áskorun að taka á móti svo ungum börnum í umhverfi sem hannað er fyrir eldri börn og bregðast þarf við því varðandi aðbúnað inni og á útisvæðum. Áherslupættir skólans eru sem fyrr mál og læsi með áherslu á kennsluleiðina Orðaspjall, vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, útinám í náttúrulegum görðum skólans og í nærumhverfi hans.

1 Hlutverk

Leikskóli er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Jafnframt segir að í leikskólum skuli velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla, 2008).

1.2 Þjónustustig

Tjarnarsel er leikskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Markmið og framtíðarsýn Tjarnarsels einkennast af miklum metnaði þar sem útinám í náttúrulegum görðum skólans, ræktun innan og utandyra og í gróðurhúsum ber hæst með óþrjótandi möguleikum til leiks og náms. Mál og læsi með áherslu á Orðaspjall, málörvunarstundirnar *Lengi býr að fyrstu gerð* og snemmtæk íhlutun eru sem fyrr yfir og allt um kring en góður málþroski er lykilþáttur þegar kemur að velgengi barna í námi þegar lengra líður á skólagönguna. Jafnhliða verður unnið með Barnasáttmálann og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Innleiðing á *sambættingu á þjónustu í þágu farsældar barna* heldur áfram sem og innleiðing á breytingum á Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2023 (Stjórnarráðið.is).

Leitast er við að tvinna leik barnanna saman við grunnþætti menntunar með sérstakri áherslu á mál og læsi, lýðræði, vettvangsferðir og útinám þar sem sköpun, hreyfing og sjálfbærni svífur yfir. Litið er á leikinn sem rauðan þráð í þétt ofinni fléttu margra námsþátta. Rannsóknir sýna að leikurinn er afar mikilvægur fyrir þroska barna, þau gleyma sér í skemmtilegum og sjálfsprottnum leik sem einkennist af



krafti, gleði og áhuga. Leikurinn byggir undir nám og hæfni til að takast á við áframhaldandi skólagöngu. (Shalberg og Doyle, 2019).

Náttúrulegir garðar skólans bjóða upp á endalausa möguleika til náttúrufræðikennslu, sköpunar og hreyfingar. Ímyndunarafl barna og leikgleði þeirra fær notið sín um leið og hreyfiþroski þeirra eflist og styrkist. Í útinámi liggur náttúran til grundvallar við skipulagningu kennslunnar, í görðunum okkar og í vettvangsferðum hvort sem er til sköpunar, hreyfingar, til að auka heilbrigði og vellíðan, læra um sjálfbærni og vísindi, mál og læsi eða stærðfræði. Útikennsla eflir félagsfærni og andlega vellíðan, gefur tækifæri til að skoða og rannsaka, nærir sköpunarkraft og ímyndunarafl, hvetur börn til áskorana, eflir seiglu og líkamshreyfni (Fish & Bailie, 2018).



Einnig hefur verið sýnt fram á að útinám hentar börnum vel sem eiga erfitt með úthald og einbeitingu því þá fær skapandi kraftur þeirra að njóta sín betur (McNelis, 2010). Litið er á garðana okkar, nánasta umhverfi skólans og bæinn allan sem þriðja kennarann í námi barnanna í Tjarnarseli.

Menntastefna Reykjanesbæjar – með opnum hug og gleði í hjarta

Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur (Menntastefna Reykjanesbæjar, 2021).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heiti heildarstefnu Reykjanesbæjar *Í krafti fjölbreytileikans* er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag í bæjarfélaginu. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru; *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta* (Reykjanesbær, 2020).

1.4 Verkefni í þróun og ferli

Hér kemur lýsing á verkefnum sem eru í þróun og ferli.

Skólanámskrá Tjarnarsels 2026-2029 – innleiðing á nýrri skólanámskrá

Ný skólanámskrá Tjarnarsels 2026-2029 kom út á vormánuðum. Vinna við endurskoðun námskrárinnar hófst með kennarahópnum á síðasta skólaári og nú tekur innleiðingarferlið við af fullum krafti.

Námskráin endurspeglar sameiginlega sýn kennara á nám og kennslu við skólann og verður leiðarljós í öllu starfinu næstu ár.

Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefna Reykjaneshæjar 2021-2030 var lögð til grundvallar í námskrá skólans ásamt *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* og heildarstefnu Reykjaneshæjar, í krafti fjölbreytileikans. Bærinn hefur tengt tólf Heimsmarkmið *Sameinuðu þjóðanna* við stefnuáherslur sínar. Í námskránni kemur fram hvernig þessar áherslur og markmið tengjast inn í námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, innra mat, leik og nám.



Breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem tóku gildi 1. september 2023 skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megir með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna - ferlisverkefni

Á skólaárinu verður sjónum áfram beint að fjórum grundvallarreglum Barnasáttmálans og þær tengdar við áherslupætti skólans og námssvið og daglegt líf. Vinnan með sáttmálann miðast við aldur og þroska barnanna í gegnum leik, samræður og skapandi starf.

Grundvallarreglur Barnasáttmálans:

- Rétturinn til að vera eins og maður er.
- Rétturinn til að allar reglur sem eru ákveðnar séu miðaðar að því sem er best fyrir börn.
- Rétturinn til að lifa og þroskast.
- Rétturinn til að taka þátt og tjá skoðun sína á öllu sem skiptir máli.

Sérkennsluteymi

Sérkennsluteymi starfar við skólann sem í sitja sérkennslustjóri sem stýrir því, leikskólasérkennarar, þroskajálfi og iðjupjálfi. Hlutverk þess er að vinna saman að skipulagningu sérkennslu sem fram fer inni á deildum, í litlum hópum og einstaklingslega. Teymið fundar reglulega til að ræða framvindu kennslunnar, útbúa einstaklingsnámskrár og annað sem tilheyrir sérkennslu sbr. stuðning og ráðgjöf til annarra kennara og foreldra. Einnig kemur það að málörvun fjöltyngdra barna.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann og fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Í ráðinu sitja sérkennslustjóri skólans, skólastjórnendur, leikskólaráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur frá Skólapijónustu bæjarins. Hlutverk ráðsins er að stuðla að samræmdu verklagi, framkvæmd og skráningu þeirra.

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna og lög um barna- og fjölskyldustofu tóku gildi 1. janúar 2022. Markmið með sambættri þjónustu við börn er að hún fari í skýrari farveg. Að öll börn (0-18 ára) og foreldrar þeirra sem á þurfa að halda, hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana og hafi aðgang að tengilið/málstjóra sem vísar þeim áfram ef þörf krefur (Bofs.is). Sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri eru *tengiliðir* Tjarnarsels. Hlutverk þeirra er m.a. að taka við beiðni foreldra um sambættingu, skipuleggja og fylgja málum eftir.

Leiðsögn nýliða í starfi

Á síðasa skólaári hófst þróunarvinna undir stjórn leiðsagnakennara skólans þar sem markmiðið ert að nýliðar fái enn betri þjálfun en áður þegar þeir hefja störf. Einnig er leiðsagnakennarinn nýútskrifuðum kennurum til ráðgjafar og stuðnings. Ný og endurbætt *Starfsmannahandbók* 2026-2028 kom út á árinu og styður hún vel við móttöku nýrra kennara sem og allt starfamannahald. Leiðsagnakennari skólans mun halda áfram að þróa móttökuáætlun skólans.



Að byggja brú á milli húsa

Opnun Tjarnarlundar, nýju deildarinnar að Skólavegi 1 hefur verið viðamesta þróunarverkefnið síðustu tveggja ára. Deildin hefur nú fest sig í sessi og er nú unnið að því að byggja upp grænan námsgarð þar í samvinnu við foreldra líkt og á Tjarnargötunni. Mikil samvinna er á milli deildanna á Skólavegi og Tjarnargötu og er það starf í stöðugri þróun. Árgangarnir hittast og fara saman í vettvangsferðir, vinna að sameiginlegum verkefnum og elstu börnin á Tjarnarlundi taka fullan þátt í *Orða- og stafastundum* með sínum jafnöldum á Tjarnargötu sem og öðrum verkefnum. Eitt af verkefnum meistaranema í Tjarnarlundi í áfanganum *Fræði og Starf II* við HÍ var að þróa samstarfið á milli húsanna með áherslu á vellíðan, öryggi og tengsl milli barna og kennara (Dóra Eggertsdóttir, 2026).

Námsgarðarnir okkar - ferlisverkefni

Verkefnið *Áskorun og ævintýri* í náttúrulegum görðum skólans og í vettvangsferðum um nánasta umhverfi hans er viðamikilið og tengist öllum *grunnþáttum menntunar*, *Barnasáttmálanum*, *heimsmarkmiðunum* og *áhersluþáttum Reykjanesbæjar*. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun frá árinu 2012 og er nú komið í ákveðið ferli. Það tekur á sig nýjar myndir og aukin tækifæri á hverju ári sem leitt er áfram af verkefnastjóra garðsins og Græna teymi skólans.

Grænn námsgarður í Tjarnarlundi – Grænfáninn

Á síðasta ári hófst þróunarvinna í garðinum við Tjarnarlund sem ekki sér fyrir endann á. Nýsköpunar- og þróunarsjóður Menntasviðs styrkti verkefnið með myndarlegum hætti og fékkst framhaldsstyrkur til

verksins á þessu árið. Styrkurinn hefur verið vel nýttur, smíðaðir hafa verið gróðurkassar til ræktunar grænmetis, krydds og blóma, keypt hafa verið garðverkfæri, mold og fræ til ræktunarinnar, og gróðursettir hafa verið berjarunnar, þar á meðal sólber og rífsber, sem nýtast meðal annars til sultugerðar með börnunum. Börnin hafa tekið virkan þátt í öllum áföngum ræktunarinnar, allt frá sáningu til uppskeru, í samræmi við markmið Aðalnámskrár leikskóla um fjölskynjunarnám. Á komandi skólaári verður áfram unnið að þróun og eflingu verkefnisins, þannig að garðurinn haldi áfram að vaxa og dafna sem lifandi og fjölbreytt námsumhverfi fyrir börnin.

Skólinn tekur við Grænfánanum í áttunda skipti nú í september fyrir verkefnið.

Kveikjur í leik og vinnusmiðjur

Ávallt er leitast við efla og styrkja leikinn sem helstu námsleið barnsins. Mikilvægt er að kennarinn fylgist vel með framvindu leiksins og geti í kjölfarið komið með svokallaðar *kveikjur* inn í leikinn. Þær geta verið í formi skapandi efniviðar af fjölbreyttum toga, málning, litir, leir, ýmislegt sem finnst í náttúrunni, verðlaus efniviður, stórir og smáir kubbar, bækur o.s.frv. Möguleikarnir eru óþrjótandi. *Vinnusmiðjur* úti og inni með skapandi efniviði glæða sjálfsprottinn leik, hvetja til ímyndunar og sköpunar og efla *fjölskynjun* þar sem flest skynfæri eru virkjuð. Áfram verður leitast við að innleiða *kveikjur* í leikinn og verður haldið áfram að þróa *vinnusmiðjur* bæði úti og inni. Markmið með smiðjunum er að efla skapandi starf og tengja við grunnþætti menntunar og ferlisverkefnið *Áskorun og ævintýri*.

Kennslubók um Orðaspjall – námskeið fyrir nýtt starfsfólk og lengra komna

Bókin *Orðaspjall - að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri* var endurútgefin vorið 2025 en markmið aðferðarinnar er að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barna. Í bókinni eru fjölmörgum verkefnum sem hafa verið í þróun í Tjarnarseli síðasta áratuginn gerð góð skil. Árdís Hrönn og Inga Sif skólastjórnendur í Tjarnarseli eru höfundar bókarinnar ásamt Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor emeritus við HÍ. Hún skrifar þrjá fræðilega kafla sem byggja undir aðferðina. Í þeim er m.a. fjallað um nýjustu rannsóknir á sviði mál- og læsisfræða, málörvun fjöltyngdra barna og mikilvægi foreldra í máluppeldi barna sinna. Veglegur bóka- og orðalisti er aftast í bókinni þar sem gefnar eru upp vandaðar barnabækur og orð úr þeim tilheyrta svokölluðu millilagi orðaforðans sem eru mikilvæg fyrir hlustunar- og lesskilning þegar lengra líður á skólagönguna.

Haldin verða námskeið fyrir nýtt starfsfólk og lengra komna um Orðaspjallið sem skipar stóran sess í málörvunarstarfi skólans.

Orða- og stafastundir

Markmið með *Orða- og stafastundunum* er að kynna börnunum töfraheim orða og bókstafa með áherslu á margskonar leiki og verkefni í leik og skapandi starfi inni, úti í görðum skólans og í vettvangsferðum. *Orðaspjallið* skipar stóran sess í stundunum en sýnt hefur verið fram á í menntarannsóknum að góður

orðaforði hefur mikið forspárgildi um hvernig börnum gengur í lestrarnámi í grunnskóla. (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2025). Í stundunum er tekið mið af margbreytileika barna og byggt er á áhuga, hugmyndum og reynslu þeirra og stuðlað að sjálfstæði, sjálfræði og frumkvæði.

Ferðalag orðanna - Orðaspjall með yngstu börnunum

Eitt af meistaraverkefnum deildarstjóra á yngstu deildinni á síðasta skólaári í áfanganum *Fræði og starf* // við HÍ, fjallaði um hvernig faglegur leiðtogi gæti stutt við annað starfsfólk til að vinna enn markvissara með Orðaspjall sem námsleið fyrir yngsta aldurshópinn. Niðurstöður sýndu að Orðaspjallið er góð leið til að leggja inn og leika með orð og sýndu jafnframt fram á aukið öryggi kennara í Orðaspjalli með yngstu börnunum. Notast var við ýmsa aukahluti, sögupoka, glæru- og loðtöflusögur, ljósmyndir, l-pada o.fl. Bára hvalastelpa var einnig öflugur liðsmaður en hún étur orðasíli með nýjum orðum alla daga. Verkefnið styður við áframhaldandi þróun á Orðaspjalli og almennri málörvun með yngstu árgöngum skólans (Jenný O. Eggertsdóttir, 2026).



Lengi býr að fyrstu gerð – málörvunarstundir

Kennsluefnið *Málörvunarstundir- lengi býr að fyrstu gerð* inniheldur 12 spjöld fyrir hvert aldursár með hugmyndum að aldurstengdum málörvunarstundum, sem miða að því að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barna. Málörvunarspjöldin nýtast sérstaklega vel í vinnu með fjöltyngdum börnum og börnum með seinkaðan málþroska sem uppfylla ekki greiningarviðmið fyrir sérkennslu eða tíma hjá talmeinafræðingi (Theodóra Mýrdal, 2022).

Gervigreind í skólastarfi

Á árinu verða áframhaldandi skref tekin í að kynna fyrir kennurum möguleika gervigreindar í skólastarfi. Markmiðið er að kveikja áhuga, draga úr óvissu og skapa traust gagnvart tækni sem margir þekkja ekki. Kennarar verða hvattir til prófa sjálfir og fá tilfinningu fyrir hvernig þessa nýja og öfluga tækni virkar. Leitast verður við að fá kynningu á notkun tækninnar á skipulagdegi og einnig verða kennarar hvattir til að afla sér þekkingar um greindina til dæmis á *Fróða* og með netnámskeiðum sem eru í boði.

1.5 Gæðamarkmið

Innra mat síðasta skólaárs fór fram með fjölbreyttum hætti. Kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra. Foreldrasamtöl á haustönn voru einnig hluti af endurmati með því að ræða alhliða þroska barnsins og líðan í leikskólanum ásamt fleiri þáttum sem tengjast skólastarfinu. Niðurstöður þessara kannana voru kynntar starfsfólki og foreldrum og nýttust við matið og gerð þessarar starfsáætlunar.

Áætlun innra mats 2026-2027

Haust- og vorönn	Símat á stjórnendafundum og á skipulagsdögum.
Haust- og vorönn	Símat fer fram hjá sérkennslustjóra og kennurum sem sjá um sérkennslu og málörvun.
Haustönn 2026	Starfsmannasamtöl.
Nóvember 2026	Foreldrasamtöl.
Janúar 2027	Endurmat stjórnendateymis á starfsáætlun 2026-2027.
2026-2027	Moodup mannauðsmælingar annan hvorn mánuð á vegum Reykjanesbæjar.
Júní 2027	Endurmat með gátlistum á verkefninu <i>Heilsueflandi leikskóli</i> . Gátlistarnir eru á vegum embættis landlæknis/Heilsueflandi leikskólar.
Maí 2027	Endurmat með gátlistum á verkefninu <i>Heilsueflandi vinnustaður</i> . Gátlistarnir eru á vegum embættis landlæknis/Heilsueflandi vinnustaður.
2025-2026	Rafrænar kannanir fyrir starfsfólk á afmörkuðum þáttum starfsins.
Haust- og vorönn	Efi-2 málþroskaskimun og Hljóm-2 – Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna.

Heilsueflandi leikskóli - ferlisverkefni

Heilsuefling er orðin hluti af menningu skólans en brýnt er að viðhalda góðum ávinningi síðustu ára. Lögð er áhersla á að nýta allar afurðir ræktunar í garðinum vel og vandlega með matráðanna í broddi fylkingar ásamt öflugri hreyfingu og skapandi starfi (Embætti landlæknis, 2026).

Heilsueflandi vinnustaður - ferlisverkefni

Heilsueflandi vinnustaður er heildræn nálgun sem hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan fólks á vinnustöðum. Tjarnarsel varð heilsueflandi vinnustaður árið 2023 og var í kjölfarið sett saman teymi til að vinna að framgangi verkefnisins. Áfram verður unnið að heilsueflingunni og úrbóta leitað um það sem betur má fara. Stuðst er við gátlista Embættis landlæknis. (Embætti landlæknis, 2026).

1.6 Endurmenntun

Endurmenntun fer fram allt árið um kring. Kennarar sækja ráðstefnur og námskeið sem Menntasvið stendur fyrir sem og námskeið að eigin vali. Skipulagsdagar eru vel nýttir til endurmenntunar og námskeiða af fjölbreyttum toga. *Fróði*, fræðsluvefur fyrir starfsfólk bæjarins nýtist vel til endurmenntunar og fræðslu af fjölbreyttum toga t.d. varðandi heilsueflingu, sjálfsrækt og samskipti á vinnustað, svo fátt sé nefnt.

Haustönn 2026
Grunnnámskeið í Orðaspjalli fyrir nýja kennara.
Fræðsla frá Græna- sérkennslu- og heilsuteymum á skipulagsdögum og á samskiptasíðum.
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar. Fjölbreytt námskeið og kynningar fyrir kennara og starfsfólk.
Kennarar sækja námskeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfinu.
Fjölbreyttar Tjáskiptaleiðir – námskeið.
Kennarar sækja námskeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfinu.

Vorönn 2027
Framhaldsnámskeið í Orðaspjalli fyrir nýja kennara.
Gervigreind í skólastarfi.
Sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla Reykjanesbæjar.
Námsferð erlendis í maí – þemað verður hæglæti í skólastarfi og útinám.
Fræðsla frá Græna, sérkennslu og Heilsuteymum á skipulagsdögum og á samskiptasíðum.
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar. Fjölbreytt námskeið og kynningar fyrir kennara og starfsfólk.
Kennarar sækja námskeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfinu.

1.7 Yfirlit yfir helstu verkefni

Samantekt yfir helstu verkefni, markmið þeirra, hvaða kennarar og teymi bera ábyrgð á verkefnum.

Helstu verkefni	Áhersluatriði	Umsjón og ábyrgð
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefnuáherslur Reykjanesbæjar sem tengjast heimsmarkmiðunum.	- Börnin mikilvægust. - Velliðan íbúa. - Vistvænt samfélag. - Kraftur fjölbreytileikans.	Stjórnendateymið.
Tjarnarlundur - að byggja brú á milli húsa – Skólavegur og Tjarnargata. Samvinnuverkefni á milli árganga til að efla tengsl.	- Allir með. - Velliðan og öryggi. - Inngildi og fullgildi. - Sköpun og menning. - Jöfn en ekki eins. - Mál og læsi	Deildarstjórar Sunnu- og Ljósvala og Tjarnarlundar.
Skólanámskrá Tjarnarsels 2026-2029 - að kynna nýja skólanámskrá fyrir kennurum og foreldrum.	- Faglegt menntasamfélag. - Inngildi og fullgildi. - Valdefling - Fjölskyngjun. og valdefling. - Fagleg umhyggja.	Stjórnendateymið.
Starfsmannahandbók 2026-2028	- Velliðan og öryggi starfsfólks. - Allir með. - Inngilding.	Skólastjórnendur.
Barnasáttmálinn – réttindafræðsla. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	- Fjórar grundvallarreglur - Rétturinn til að vera eins og maður er. - Rétturinn til að allar reglur miðist við hvað er best fyrir börn. - Rétturinn til að lifa og þroskast. - Rétturinn til að taka þátt og tjá skoðanir sínar.	Deildarstjóri Sunnuvala og Stjórnendateymið.
Sérkennsluteymi og nemendaverndarráð.	- Lýðræði og mannréttindi - Jöfn en ekki eins. - Allir með. - Heilbrigði og velliðan.	Sérkennslustjóri, deildarstjórar og skólastjórnendur.
Orðaspjall - að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barna.	- Mál og læsi: - Orðaforði. - Hlustunarskilningur. - Frásagnarhæfni. - Hljóðvitund.	Allir kennarar skólans.
Ferðalag orðanna – Orðaspjall með yngstu börnunum.	- Myndrænn/sjónrænn orðaforði - Hlustunarskilningur. - Frásagnarhæfni. - Hljóðvitund.	
Orða- og stafastundir með elsta árgangi skólans.	- Allir með. - Sköpunargleði. - Inngilding. - Fullgildi. - Leikandi orða- og bókstafgleði.	

Helstu verkefni	Áhersluatriði	Umsjón og ábyrgð
Lengi býr að fyrstu gerð. - Málörvun fjöltyngdra barna og barna með seinkaðan málþroska.	- Mál og læsi: - Málörvun fjöltyngdra barna. - Málörvun barna með seinkaðan málþroska. - Almenn málörvun. - Inngilding. - Fullgildi. - Fagleg umhyggja.	Sérkennsluteymið og deildarstjórar.
Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna.	- Lýðræði og mannréttindi - Jöfn en ekki eins. - Lifa og þroskast. - Vernd og öryggi. - Inngilding. - Fullgilding. - Fagleg umhyggja.	Tengiliðir farsældar.
Kveikjur í leik úti og inni.	- Sköpun og menning. - Sjálfbærni og vísindi. - Sjálfsprottinn leikur. - Leikurinn sem helstu námsleið barna.	Allir kennarar skólans.
Gervigreind í skólastarfi – viskubrunnur.net, Claude o.fl.	- Faglegt menntasamfélag. - Opnum hugann.	Skólastjórnendur
Fróði – fræðsluvefur Reykjanesbæjar.	- Faglegt menntasamfélag. - Heilsuefling og vellíðan.	Stjórnendateymið.
Heilsueflandi leikskóli og vinnustaður.	- Heilbrigði og vellíðan. - Mér líður vel. - Allir með. - Lýðræði og mannréttindi.	Heilsuteymin og skólastjórnendur.
Endurmenntun. - Námskeið. - Fræðsla á skipulagsdögum. - Ráðstefnur. - Fróði fræðsluvefur.	- Faglegt menntasamfélag. - Heilbrigði og vellíðan. - Allir með. - Sköpunargleði. - Þróun og nýbreytni.	Skólastjórnendur.
Fjölskyldu- og vinnudagur í gördunum við Tjarnargötu 19 og Skólaveg 1.	- Við og jörðin. - Vistvænt samfélag. - Vellíðan íbúa. - Sköpunargleði. - Allir með.	Stjórnenda- og Grænatemyið.

Umsjón og ábyrgð með helstu verkefnum

- Skólastjóri: Árdís Hrönn Jónsdóttir.
- Aðstoðarskólastjóri: Inga Sif Stefánsdóttir.
- Sérkennslustjóri og tölvuumsjón: Theodóra Mýrdal.
- Verkefnastjóri: Fanney M. Jósepsdóttir.
- Leiðsagnakennari: Margrét Kolbeinsdóttir.
- Stjórnendateymið: Árdís H. Jónsdóttir, Inga S. Stefánsdóttir, Anna M. Kjærnested, Áslaug Unadóttir, Björk Snorradóttir, Jenný O. Eggertsdóttir, Nína B. Haraldsdóttir, Theodóra Mýrdal og Þórey Óladóttir.
- Deildarstjórar: Anna M. Kjærnested, Áslaug Unadóttir, Björk Snorradóttir, Jenný O. Eggertsdóttir, Nína B. Haraldsdóttir og Þórey Óladóttir.
- Sérkennsluteymi/málörvun og fjöltyngd börn: Theodóra Mýrdal, Helga Jakobsdóttir, Andrea P. Sigurðardóttir, Malgorzata Acheampong og Dóra Margrétardóttir.
- Græna teymið: Anna M. Kjærnested, Fanney M. Jósepsdóttir, Katrín M. Aradóttir, Sigríður H. Guðmundsdóttir og Þórey Óladóttir.
- Heilsuteymið: Áslaug Unadóttir, Elín Hermannsdóttir, Katrín M. Aradóttir og Sigríður H. Guðmundsdóttir.
- Heilsueflandi vinnustaður: Dóra Margrétardóttir, Margrét Kolbeinsdóttir og Ólafía Marelsdóttir.
- Matráðar: Katrín M. Aradóttir, Unnur Einarsdóttir og Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir.
- Öryggistrúnaðarmenn: Inga S. Stefánsdóttir og Jenný O. Eggertsdóttir.
- Nemendaverndarráð: Theodóra Mýrdal, Katrín Rut Þorgeirsdóttir, Hildigunnur Kristinsdóttir og Ása Berglind Böðvarsdóttir.
- Tengiliðir farsældar: Inga Sif Stefánsdóttir og Theodóra Mýrdal.

Lokaorð

Ný skólanámskrá Tjarnarsels mun ganga sem rauður þráður í gengum allt starfið þar sem hugtökin inngilding, fullgildi, fjölskynjun og fagleg umhyggja skipa stóran sess. Hvert og eitt barn á að fá tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu á eigin forsendum, að röddum allra sé gert jafn hátt undir höfði og að umhverfi og starfshættir taki mið af fjölbreyttum þörfum barnahópsins. Fagleg umhyggja verður leiðarljós í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk og skal endurspeglast í öllum ákvörðunum sem teknar eru innan skólans.

Kennarar Tjarnarsels horfa björtum augum til komandi skólaárs og hlakkar til að takast á við þau fjölbreyttu og spennandi verkefni sem fram undan eru í góðu samstarfi við börn, fjölskyldur þeirra og nærsamfélagið.

Heilræði skólaársins

Mætum hverju barni þar sem það er statt með inngildingu að leiðarljósi. Sköpum samfélag þar sem sérhver barn upplifir að það tilheyrir hópnum, óháð stöðu eða getu.

Látum skólanámskrána lifa í hversdeginum og spyrjum reglulega hvernig áherslur hennar birtast í litlum sem stórum ákvörðunum.

Með þessi heilræði að leiðarljósi munu kennarar Tjarnarsels takast á við komandi skólaár með virðingu, eldmóði og framsækni.

Árdís Hrönn Jónsdóttir
skólastjóri

Inga Sif Stefánsdóttir
aðstoðarskólastjóri

Heimildir

Aðalnámsskra leikskóla (2011&2023). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Árdís Hrönn Jónsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Ingibjörg Sif Stefánsdóttir (2025). Orðaspjall. Reykjanesbær: Árdís Hrönn Jónsdóttir.

Barna – og fjölskyldustofa). bofs.is

Dóra Eggertsdóttir (2026). *Að byggja brú á milli húsa*. Verkefni í áfanganum Fræði og starf II við Háskóla Íslands.

Embætti landlæknis (2026). <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Embætti landlæknis (2026). <https://leikskoli.heilsueflandi.is/>

Fish, L & Bailie, P. (2018). Getting gifted kids outdoors: Tips for a summer of play. Parenting for High Potential.

Jenný O. Eggertsdóttir (2026). *Ferðalag orðanna*. Verkefni í áfanganum Fræði og starf II við Háskóla Íslands.

Lög um leikskóla (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

McNelis, Deborah. (2010). *Naturally Developing Young Brains*. USA: braininsights.

Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin-stefna Reykjanesbæjar. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea-9458-005056bc530c>

Reykjanesbær. (2021). *Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta*. Reykjanesbær: Reykjanesbær.



Sahlberg, Pasi og Doyle, William. (2019). *Let the children play – how more play will save our schools and help children thrive*. United States of America: Oxford University Press.

Stjornarradid.is
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/07/01/Breytingar-a-adalnamsskra-leikskola/>


Theodóra Mýrdal (202). *Málörvunarstundir - Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.

Viðaukar

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi barna í árgangi af erlendum uppruna



Skóladagatal 2026-2027

SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ <i>Hautverk í górbunum</i>	1 F	1 S	1 Þ <i>Fullveldisdagurinn</i>	1 F <i>Nýársdagur</i>	1 M	1 M	1 F	1 L <i>Verkalýðsdagurinn</i>	1 Þ <i>Sumarhátíð*</i>	1 F <i>Sumarleyfi</i>
2 M <i>Hautverk í górbunum</i>	2 F	2 M	2 M <i>Jólasamvera*</i>	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F <i>Sumarleyfi</i>
3 F <i>Uppskenuhátíð</i>	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F <i>Skipulagsdagur</i>	5 M	5 M <i>Skipulagsdagur</i>	5 L	5 M <i>Sumarleyfi</i>
6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M <i>Þrettándinn</i>	6 L <i>Dagur leikskólans</i>	6 L	6 Þ	6 F <i>Uppsóttningardagur</i>	6 S	6 Þ <i>Sumarleyfi</i>
7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S <i>Dagur tónlistarskólans</i>	7 S	7 M	7 F <i>Skipulagsdagur</i>	7 M	7 M <i>Sumarleyfi</i>
8 Þ <i>Dagur læisla</i>	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M <i>Bolludagur</i>	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F <i>Sumarleyfi</i>
9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ <i>Sprengidagur</i>	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F <i>Sumarleyfi</i>
10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M <i>Óskudagur</i>	10 M	10 L	10 M	10 F <i>Fjölskyldudagur kl. 16:30*</i>	10 L
11 F	11 S	11 M <i>Vetrarkaffi/Tjarnarlundur</i>	11 F	11 M	11 F <i>Vetrarfrí</i>	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 L	12 M	12 F <i>Vetrarkaffi/Sól og Sunna</i>	12 L	12 Þ	12 F <i>Vetrarfrí</i>	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M <i>Sumarleyfi</i>
13 S	13 Þ	13 F <i>Vetrarkaffi/Mána og Lúðs</i>	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F <i>Útskriftarhátíð árg. 2021</i>	13 S	13 Þ <i>Sumarleyfi</i>
14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M <i>Sumarleyfi</i>
15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F <i>Sumarleyfi</i>
16 M <i>Dagur íslenskrar náttúru</i>	16 F	16 M <i>Dagur íslenskrar tungu</i>	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S <i>Hvítasunnudagur</i>	16 M	16 F <i>Sumarleyfi</i>
17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M <i>Annar í Hvítasunnu</i>	17 F <i>Ljónveldisdagurinn</i>	17 L
18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M <i>Sumarleyfi</i>
20 S	20 Þ	20 F <i>Skipulagsdagur</i>	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ <i>Sumarleyfi</i>
21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S <i>Konudagur - upphaf Góu</i>	21 S <i>Pálmasunnudagur</i>	21 M	21 F	21 M	21 M <i>Sumarleyfi</i>
22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F <i>Skipulagsdagur</i>	22 M	22 M <i>Páskahfrí</i>	22 F <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	22 L	22 Þ	22 F <i>Sumarleyfi</i>
23 M	23 F <i>Vetrarfrí</i>	23 M	23 M <i>Þorláksmessa</i>	23 L	23 Þ	23 Þ <i>Páskahfrí</i>	23 F	23 S	23 M	23 F <i>Sumarleyfi</i>
24 F	24 L <i>Fyrsti vetrardagur</i>	24 Þ	24 F <i>Aðfangadagur jóla</i>	24 S	24 M	24 M <i>Páskahfrí</i>	24 L	24 M	24 F	24 L
25 F <i>Skipulagsdagur</i>	25 S	25 M	25 F <i>Jóladagur</i>	25 M	25 F	25 F <i>Skírdagur</i>	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 L	26 M <i>Vetrarfrí</i>	26 F	26 L <i>Annar í þöllum</i>	26 Þ	26 F	26 F <i>Fótbúdagurinn langi</i>	26 M	26 M	26 L	26 M <i>Sumarleyfi</i>
27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ <i>Sumarleyfi</i>
28 M	28 M	28 L	28 M <i>Jólahfrí</i>	28 F	28 S	28 S <i>Páskadagur</i>	28 M	28 F	28 M	28 M <i>Sumarleyfi</i>
29 Þ	29 F	29 S	29 Þ <i>Jólahfrí</i>	29 F		29 M <i>Annar í Þöllum</i>	29 F	29 L	29 Þ	29 F <i>Sumarleyfi</i>
30 M	30 F	30 M	30 M <i>Jólahfrí</i>	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F <i>Sumarleyfi</i>
	31 L		31 F <i>Gamlársdagur</i>	31 S		31 M		31 M		31 L

*Nóvember: Við fögnum vetri og bjóðum foreldrum í vetrarkaffi frá kl.14:30-15:30.

*Desember: Jólasamvera barna og kennara í garðinum við Tjarnargötuna þegar veðurspá er góð.

*Júní: Sumarhátíð barna og kennara þegar veðurspá er góð.

Styrkleikalisti

Allt sem við veitum athygli vex og dafnar ♥♥

Dæmi um styrkleika - stuðst er við listann á deildafundum og fyrir foreldrasamtöl

Afslappaður/ afslöppuð	Snjall/snjöll
Auðmjúkur/auðmjúk	Sveigjanleg/ur
Áreiðanlegur/áreiðanleg	Umhyggjusamur/söm
Ástrík/ur	Verndandi
Deilir með öðrum/skiptast á	Vingjarnleg/ur/
Elskuleg/ur	Vinnusamur/vinnusöm
Fjörug/ur	Þolinmóð/ur
Forvitin/n,	Þrautseig/ur
Fyrirgefur auðveldlega	Ævintýragjarn/gjörn
Glaður/glöð	Ljúfur/ljúf
Heiðarleg/ur	Athugull/athugul
Hjálpsamur/hjálsöm	Einbeitt/ur
Hugmyndarík/ur	lærdómsfús/námsfús
Hugrakkur/hugrökk	Brosmildur/brosmild
Hvetjandi	Sanngjörn/sanngjarn
Kurteis	Ákveðin/n
Opin/n	Hamingjusöm/samur
Rökviss	Varkár
Samvinnuþýð/ur	Næm/næmur
Seigur/seig	Góð sjálfstjórn
Sjálfstæð/ur	Góð einbeiting
Skapandi	Kurteis
Skipulögð/lagður	áköf/ákafur í þekkingarleit

Samþykki foreldraráðs Tjarnarsels



TJARNARSEL

VIRÐING UPPLIFUN LÍFSGLEÐI

Við undirrituð í foreldraráði Tjarnarsels samþykkingu starfsáætlun skólans fyrir árið 2026-2027

2. september 2026

Kjartan Lindt 4.9.2026

Helga Rún Jónsdóttir

Haukur Ingi Jónsson



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLEIKANS



TJARNARSEL